

Leikskólinn í Stykkishólmi

Ársskýrsla

2017 - 2018

Sigrún Þórsteinsdóttir

Leikskólinn í Stykkishólmi

Efnisyfirlit:

Leikskólinn í Stykkishólmi	2
Starfstími skólans	2
Starfmannahald:	2
Stjórnendur :	2
Starfsmenn:	2
Starfsmenn – stöðugildi:	2
Nemendafjöldi:	2
Skipulag leikskólans:	3
Opnunartímar:.....	3
Húsnæði:	3
Stoðþjónusta - stuðningsúrræði	3
Sérkennsla :	3
Uppeldi og menntun:	3
Aðalnámsskrá leikskóla:	3
Skóladagatal:	4
Foreldra samstarf:	4
Annað samstarf:	4
Skólastefna Stykkishólms:	4
Viðbragðsáætlun:	5
Hátíðir og hefðir:	5
Afmæli leikskólans:	5

Leikskólinn í Stykkishólmi:

Starfstími skólans

Skólastarf hófst mánudaginn 14. ágúst 2017.

Sumarfrí leikskólans byrjar 9. júlí 2018

Skóladagatal 2018 – 2019 er í fylgiskjali ásamt skólanámsskrá leikskólans, inntökureglum og afmælisriti í tilefni 60 ára afmælis leikskólans.

Starfmannahald:

Stjórnendur :

Við skólann starfa leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri sem jafnframt hefur verið sérkennslustjóri, og fjórir deildarstjórar.

Starfsmenn:

Heildarfjöldi starfsmanna sem starfa við skólann er 28 í 22 stöðugildum. Þar af voru 2 í fæðingarorlofi, 4 leikskólakennarar í 3,71 % stöðu. Tveir starfsmenn eru í leikskólakennaranámi, tveir eru með grunnskólakennaramenntun og einn með BA í sálfræði. Eins er iðjuþjálfari hér í 50% starfi frá október til maí og einn með B.A. í tólmstundafræði. Aðrir starfsmenn eru með ýmisskonar menntun og reynslu af leikskólastarfi. 1. maí bættist svo við leikskólakennari í 100% stöðu.

Starfsmenn – stöðugildi:

Leikskólinn í Stykkishólmi

Stjórnun: 1,30

Kennarar: 21 í 18,15 stöðugildum

Sérkennsla/stuðningur við deild: 2,0

Starfsmaður með örorku vinnusamning: 0,40

Eldhús/þvottar: 2,50 stöðugildi

Ræsting: 1 stöðugildi

Nemendafjöldi:

Skólaárið 2017 - 2018 var nemendafjöldi eftirfarandi:

13 börn fædd 2012

15 börn fædd 2013

13 börn fædd 2014

20 börn fædd 2015

16 börn fædd 2016

Samtals 77 börn í 616 dvalarstundum.

Skipulag leikskólans:

Opnunartímar:

Leikskólinn í Stykkishólmi er opinn frá kl 7:45 – 16:30 á dag í 47 vikur á ári. Yfir skólaárið eru teknir þrjár skipulagsdagar, að öllu jöfnu tveir fyrir áramót og einn eftir áramót. Einnig er lokað frá hádegi tvisvar sinnum vegna starfsmannafunda.

Leikskólinn í Stykkishólmi er fyrir börn frá 1. árs aldri til 6 ára. (sjá nánar í inntökureglum fylgiskjal 3)

Húsnæði:

Leikskólinn í Stykkishólmi var byggður sem þriggja deilda leikskóli með möguleika á að stækka um eina deild. Á þessu ári stefndi hins vegar í að börnunum fjölgaði það hratt að bregðast þyrfti við sem fyrst. Það var því ákveðið að kaupa lausa kennslustofu og setja niður við leikskólann. Í þessari kennslustofu, sem fékk nafnið Bakki, eru allra yngstu börnin í leikskólanum og voru þau 10 þar sl. vetur.

Stoðþjónusta - stuðningsúrræði

Sérkennsla :

Hvert barn fær kennslu og uppeldi við hæfi, ef og þegar þörf er á fá nemendur leikskólans sérkennslu ýmist í litlum hópum eða eitt og sér. Þetta getur átt við tvítýngd börn, börn með tilfinningaleg vandamál eða einhverjar raskanir í þroska, hvort sem farið hefur fram greining á barninu eða ekki. - Leikskólinn í Stykkishólmi er skóli án aðgreiningar – Teymisfundir eru á sex – átta vikna fresti fyrir fatlaða nemendur en þeir eru haldnir í samstarfi við Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga. Ráðgjafa Þroskaþjálfari kemur á teymisfundina ásamt foreldrum viðkomandi barns.

Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga (FSSF) annast sérfræðiþjónustu við Leikskólann í Stykkishólmi. Forstöðumaður er **Sveinn Þór Elínbergsson**.

Félags- og skólaþjónustan er með vef þar sem hægt er að nálgast frekari upplýsingar um starfsemina. Slóðin á vefinn er: <http://www.fssf.is/>

Þeir sérfræðingar sem koma að leikskólanum í Stykkishólmi eru sálfræðingur og talmeinafræðingur. Heimsóknir talmeinafræðings eru þrjár fyrir áramót og þrjár eftir áramót. Sálfræðingur kemur upp einu sinni í mánuði.

Foreldrum er gefinn kostur á að panta tíma hjá viðkomandi sérfræðingum.

Uppeldi og menntun:

Aðalnámsskrá leikskóla:

Aðalnámsskrá leikskóla er grundvöllur leikskólastarfs og sá leiðarvísir sem við byggjum á okkar uppeldis-og mennta starf.

Leikskólinn í Stykkishólmi

Hver leikskóli á samkvæmt lögum að gera sér sína skólanámsskrá og okkar námsskrá er í fylgiskjali. Endurskoðuð skólanámsskrá kom út 5. febrúar 2018

Leikskólinn í Stykkishólmi leggur áherslu á skapandi starf í sinni víðustu mynd. Við lítum svo á að hvert barn sé skapandi og virkt og það er okkar hlutverk að styðja hvert barn til þroska. Leikskólinn í Stykkishólmi leggur áherslu á sérstöðu hvers barns og að gefa hverju barni tækifæri á að hafa áhrif á sína leikskólagöngu. Það er m.a. gert með skráningum í leikskólasterfi og einstaklingsnámsskrám. Í leikskólasterfi er lögð áhersla á fjölbreytt viðfangsefni innan og utan dyra.

Í leikskólanum fá öll börn mat miðað við þeirra vistunartíma en boðið er upp á morgunmat, hádegismat og síðdegishressingu ásamt ávaxta/grænmetisstundum.

Skipulagsdagar: Leikskólinn í Stykkishólmi á að öllu jöfnu þrjú skipulagsdaga og tvo hálfra daga. Á skipulagsdögum er m.a. farið í endurmenntun starfsfólks, unnið í skólanámsskrá, undirbúin foreldravíðtöl ofl.

Skóladagatal:

Á hverju vori er gefið út skóladagatal sem er unnið í samvinnu við tón-og grunnskóla Stykkishólms.

Foreldra samstarf:

Mikil áhersla er lögð á daglegt samstarf og samvinnu við foreldra/forráðamenn. Einnig eru samskipti í formi tölvupósta, fréttu á heimasíðu, foreldrafunda og foreldra viðtala sem eru föst tvisvar á ári.

Við leikskólann starfa bæði foreldrafélag og foreldraráð. Foreldraráð skal starfa samkvæmt lögum um leikskóla og í því eru þrír fulltrúar foreldra og leikskólustjóri. Foreldraráð er til ráðgjafar um skólanámsskrá, skóladagatal og fleira sem kemur að faglegu starfi leikskólans. Foreldrafélag sér um jólafondur og skemmtanir fyrir börnin ásamt því að vera vettvangur fyrir foreldra til að hittast og skiptast á skoðunum um leikskólamál.

Annað samstarf:

Leikskólinn í Stykkishólmi á í góðu samstarfi við grunnskólann og tónlistarskólann í Stykkishólmi. Við fáum heimsókn litlu lúðrasveitarinnar um það bil tvisvar á ári og eins koma stakir hljóðfæra leikarar til okkar. Einnig er farið í heimsókn með elstu börn leikskólas í tónlistarskólann og þeim kynnt hljóðfæri og fleira sem tengist tónlistarnámi.

Grunnskólinn og leikskólinn skiptast m.a. á nemum þar sem börn úr 1. bekk koma til okkar og við sendum börn úr elsta hóp í grunnskólann. Eins fá leikskólabörnin góða kynningu á grunnskólasterfi með heimsókn væntanlegs grunnskólakennar í leikskólann.

Samstarfinu líkur svo með þriggja daga vorskóla í maí á hverju ári.

Í leikskólann fáum við leiksýningar af og til, oft í samstarfi við foreldrafélagið.

Skólastefna Stykkishólms:

Í skólastefnu Stykkishólms var m.a. ákveðin forgangsöröðun varðandi verkefni sem valin voru og í forgang var sett að skólarnir gerðu sér ákveðna læsisstefnu. Læsisstefna leik-og grunnskóla er tilbúin og hefur verið unnið eftir henni í vetur.

Leikskólinn í Stykkishólmi

Viðbragðsáætlun:

Gerð var viðbragðsáætlun við áföllum og slysum í leikskólanum, áætlunin er aðgengileg á heimasíðu leikskólans. Inn á hverri deild og í eldhúsi er yfirlit yfir þau börn sem eru með ofnæmi eða sjúkdóma af einhverju tagi. Allir starfsmenn fara á skyndihjálparnámskeið annað hvert ár.

Hátíðir og hefðir:

Þjóðhátíð: Í vetur var haldið upp á þjóðhátíðardag Póllands í samvinnu við foreldrarfélagið, foreldraráð og grunnskólann í Stykkishólmi. Við fengum foreldra til að koma og elda með okkur, baka ofl síðan var foreldrum og systkinum barna af Pólskum uppruna boðið að koma í kaffi og söngstund. Við nutum sérstkrar aðstoðar frá Agnieszku Imgront sem kennir pólsku við grunnskólann í Stykkishólmi. Hún ásamt eiginmanni sínum setti upp sýningu með okkur og kynnti pólskar bókmenntir Ákaflega vel heppnaður dagur sem verður endurtekinn að ári. Eins höldum við sumarhátíð um miðjan júní í tilefni þjóðhátíðardags Íslands. Ætlunin er að halda upp á aðra þjóðhátíðardaga ef þeir tengjast nemendum hér í leikskólanum.

Kirkjuferð: litlu jól, þorrinn: Við fórum í kirkjuferð með grunn-og tónlistarskóla, höldum Litlu jólin okkar með hefðbundnum helgileik, þorrinn var blótaður í febrúar.

Öskudagur: Fyrir öskudaginn búa nemendur leikskólans sér til búninga sem taka mjög langan tíma í undirbúningi, allt frá hugmyndavinnu til framkvæmdar.

Útskriftarferð: Ferð elstu barna á Gráukúlu: Elstu nemendur leikskólans fara ásamt kennurum sínum og foreldrum í gönguferð á Gráukúlu. Þessi ferð er mjög vinsæl og hefur tekist mjög vel. Það er farið að morgni og komið heim eftir hádegi.

Afmæli leikskólans:

Leikskólinn í Stykkishólmi átti 60 ára afmæli 6. október 2017. Haldið var upp á afmælið með veglegum hætti á afmælisdaginn. Kosin var undirbúningsnefnd sem vann að kappi við undirbúning afmælisins. Sótt var um styrk til Uppbyggingarsjóðs Vesturlands til þessa verkefnis og var okkur úthlutað 400.000 krónum. Einnig sóttum við um styrk í Styrktar-og vináttufélag St. Franciskus systra og fengum við 300.000 kr. úthlutað frá þeim. Dagskráin var haldin í sal Tónlistarskólans og meðal gesta voru forsetahjónin og börnin þeirra. (sjá nánar í fylgiskjali)

Annað: Mjög öflugt starf hefur verið í leikskólanum í vetur. Við erum búin að vera með tveimur til fjórum börnum of mikið af hverri deild í allan vetur. Mikil þörf er að stækka húsnæði leikskólans til þess að mæta auknum fjölda barna á biðlista og stækkun árganga yngstu barnanna. Nokkuð hefur verið um langvarandi veikindi hjá starfsfólki skólans sem setur óneitanlega strik í reikninginn.